

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 140/2014 um meistaranám við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á III. lið 15. gr. reglnanna:

- a. Í lok 1. málsl. 2. mgr., á eftir orðunum „með fyrstu einkunn (7,25)“, bætast við orðin: og vera með íslenskt hjúkrunarleyfi.
- b. 3. mgr. breytist og orðast svo:
Sé sótt um meistaranám í ljósmóðurfræði til starfsréttinda þarf viðkomandi að hafa lokið BS-prófi í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands eða öðru samsvarandi prófi með fyrstu einkunn (7,25) og vera með íslenskt hjúkrunarleyfi. Jafnframt þarf umsækjandi að hafa lokið tilteknum námskeiðum á fjórða ári BS-náms í hjúkrunarfræði samkvæmt nánari skilgreiningu í aðgangskröfum námsleiðarinnar og upplýsingum í kennsluskrá.
- c. Á eftir 3. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
Aðgangur nemenda að MS-námi í ljósmóðurfræði til starfsréttinda er háður sérstökum fjöldatakmörkunum sem háskólaráð samþykkir.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á IV. lið 15. gr. reglnanna:

- a. 4. mgr. breytist og orðast svo:
Nám til MS-prófs í ljósmóðurfræði er 120 einingar að loknu námi til kandidateprófs í ljósmóðurfræði frá Háskóla Íslands eða sambærilegu námi. Af þeim geta allt að 30 einingar verið úr BS-námi í hjúkrunarfræði. Nemandi fær að auki 42 einingar metnar eftir kandidatepróf sitt en bætir við sig 48 einingum til meistaraþrófs. Miðað skal við að lengd námsins sé eitt ár (tvö misseri).
- b. Á eftir 4. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
Nám til MS-prófs í ljósmóðurfræði til starfsréttinda er 120 einingar að loknu BS-prófi í hjúkrunarfræði eða sambærilegu námi.

3. gr.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði með heimild í 3. mgr. 18. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Reglurnar hafa verið samþykktar af hjúkrunarfræðideild og stjórn heilbrigðisvísindasviðs, auk Miðstöðvar framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 2. nóvember 2018.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.